

Fréttir af flutningum

SAMSKIP

1. tbl. 9. árg. febrúar 1999

HELGAPELL Í HÖFN Í ROTTERDAM



Framfaraskref með opnun skrifstofu Samskipa í Moss



Starfsmenn á skrifstofu Samskipa í Moss.

Nýtt fyrirtæki, Samskip Norge AS, opnaði í byrjun janúar skrifstofu í Moss í Noregi. Skrifstofan mun þjóna skipum Samskipa sem eru í reglubundnum siglingum í Suður-Noregi og þá einkanlega í Oslóarfirði, þar sem umsvif félagsins eru hvað mest. Nýja fyrirtækið tók við umboði Bruno Bischoff, dótturfyrirtækis Samskipa, seinni hluta janúarmánaðar en umboð Samskipa sem snýr að Íslandi færist til skrifstofunnar frá H. Schianders frá og með 23. apríl nk. Hjá fyrirtækinu starfa nú fimm manns, en verða sex í lok apríl að sögn Ólafs Steinarssonar, framkvæmdastjóra Samskip Norge AS.

Framhald á bls. 2

Framhald af forsiðu

Ekki er langt síðan Samskip opnuðu nýja skrifstofu í Þrándheimi. Ólafur segir starfsemi skrifstofanna ekki skarast á neinn hátt. „Skýringin liggur einfaldlega í því að Þrándheimsskrifstofan sinnir öðrum flutningum en við og þjónar helst sjávarútveginum á vesturströnd Noregs og siglingaleiðinni frá Rotterdam til Murmansk,“ segir hann.

Ólafur segir mikinn hug vera í starfsmönnum skrifstofunnar í Moss og að starfsemin leggist vel í hann og samstarfsfólkið. „Til að byrja með erum við með eitt gámaskip í viku, sem siglir á milli Bretlands, Hollands, Svíþjóðar og Noregs. Meginuppistaðan í flutningunum eru efnavörur en einnig ýmis annar varningur. Að auki erum við með eina viðkomu í viku á stórflutningaskipum sem sigla á milli meginlands Evrópu og Norðurlandanna. Þegar kemur fram í apríl fáum við þriðja skipið í viku, Arnarfell/Helgafell, og þá verður í nógu að snúast hjá okkur.“

Ólafur segir samkeppnina á flutningamarkaðnum í Evrópu gríðarlega harða. „Undanfarna mánuði hafa fyrirtæki verið að sameinast, þeim fækkar og þau stækka stöðugt. Við vonumst til þess að opnun skrifstofunnar í Moss verði framfaraskref fyrir Samskip og alla þjónustu á vegum þeirra. Ekki aðeins eru hér nú tveir íslenskir starfsmenn, auk þriggja norskra kollega, heldur höfum við unnið að uppsetningu upplýsingakerfis Samskipa hjá okkur. Allur gagnaflutningur ætti því að vera öruggari og ganga enn hraðar en fyrr,“ segir Ólafur.

Heimilisfang nýja fyrirtækisins er:

Samskip Norge AS
Moss Maritime Senter
Strandgata 10, 1531 Moss, Norge.
Sími: 00 47 69 24 11 15
Fax: 00 47 69 24 11 16
Tölvupóstfang: moss@samskip.is

Fréttir af flutningum

Ábyrgðarmaður: Lilja Bjarnadóttir
Umsjón: Athygli ehf. • Umbrot: Rita
Ljósmyndir: Hreinn Magnússon
Prentun: Oddi

GÁMES (HACCP)

Greining Áhættuþátta og Mikilvægra EftirlitsStaða

- Hazard Analysis and Critical Control Point

Fimm fyrstu skrefin:

- Þjálfun starfsfólks. Gera þarf áætlun um þjálfun allra í gæða- og hollustuháttum.
- Hreinlætisáætlanir. Skrifleg áætlun, hreinlæti, umgengni, þrif, meindýravarnir.
- Stjórnun hitastigs. Tryggja rétt hitastig. Mæla og skrá reglulega.
- Eftirlit með vörumóttöku. Kröfur til birgja um vörugæði og koma á fót eftirliti við móttöku.
- Viðbrögð við frávikum. Ákveða hvernig skuli bregðast við ef gallar/mistök koma fram.

Þriggja ára samningur Samskipa og HSÍ

Samskip og Handknattleikssamband Íslands, HSÍ, undirrituðu fyrir skömmu þriggja ára styrktarsamning. Samningurinn, sem gildir til 14. nóvember árið 2001, felur í sér að nafn Samskipa verður aftan á keppnisbuxum karlalandsliðsins í handknattleik auk þess sem auglýsingaskilti frá fyrirtækinu verða áberandi á öllum heimaleikjum karlalandsliðsins.

Samskip hafa um árabíl haft það að markmiði að styðja við bak íþróttahreyfingarinnar í landinu. Með stuðningi fyrirtækisins við HSÍ felst jafnframt viðurkenning á þeim miklu uppeldis- og forvarnargildum sem felast í iðkun íþróttar.

Guðmundur Ingvarsson, formaður HSÍ, segir að samningurinn við Samskip sé dýrmætt lóð á vogarskálarnar í þeirri baráttu að losa sambandið úr viðjum skuldafens. „Því er ekki að neita að HSÍ hefur átt í miklum fjárhagserfiðleikum og gengið í gegnum nauðasamninga. Sem betur fer hefur samstillt átak margra aðila náð að rétta skútuna af. Framhaldið er bjart, ekki síst vegna fyrirtækja á borð við Samskip,“ segir Guðmundur.

Meðfylgjandi mynd var tekin þegar þau Guðmundur og Lilja Bjarnadóttir, markaðsstjóri Samskipa, hand söluðu samninginn í höfuðstöðvum handknattleikssambandsins.



GÁMES færir Samskipum ákveðinn gæðastimpil

Þegar Samskip voru skilgreind sem matvælafyrirtæki árið 1997 kallaði það ekki aðeins á nýjan hugsunarhátt, heldur þurfti einnig að innleiða GÁMES-eftirlitskerfið. Svala Rún Sigurðardóttir, gæðastjóri Samskipa, segir nýlokið við uppsetningu kerfisins í öllum fjórum vöruhúsum félagsins við Holtabakka. Í kjölfarið verður ráðist í að innleiða kerfið í vöruhúsum og dreifingarmiðstöðvum á vegum Samskipa á landsbyggðinni.

Þegar Svala Rún er innt eftir því hvort þessi skilgreining hafi komið stjórnendum fyrirtækisins á óvart segir hún svo ekki vera. „Skilgreiningin á auðvitað rætur að rekja til þeirrar staðreyndar að við flytjum mikið magn matvæla. Ef þau eiga að skila sér gallalaus má enginn veikir hlekkur vera í flutningskeðjunni frá framleiðanda til neytanda. Þar erum við hjá Samskipum ekki undanskilin.“

Svala Rún segir GÁMES kerfið fela í sér margvíslegt eftirlit. Þannig séu vöruhúsin „tekin út“ mánaðarlega og aðfinnslur gerðar ef ástæða þykir. „Og við ætlumst beinlínis til þess að úrbætur séu gerðar áður en næsta úttekt er gerð,“ segir hún. Hreinlæti er einn þáttur í eftirlitskerfinu en annað sem kerfið gerir kröfur um er stjórnun hitastigs í geymslum. Sá þáttur skiptir



Ulf Lundahl mælir hitastig á vörum í vöruhúsi A við Holtabakka.

sköpum í flutningi og geymslu viðkvæmra matvæla. Starfsmenn hafa m.a. hlotið grunnfræðslu um örverur, sem geta farið á stjá við hækkun hitastigs. „Í rauninni erum við þarna að heimfæra sama hugsunarhátt og fólk temur sér í meðferð matvæla á sínum heimilum. Lögmálin eru þau sömu,“ segir Svala Rún.

Að sögn Svölu er kostnaðurinn samfara þessari breytingu ekki tiltak-

anlegur. „Fyrst og fremst er um að ræða fjárfestingu í hreingerningartækjum svo og nýjan hugsunarhátt starfsfólksins. Auðvitað fylgdu þessu ákveðnir byrjunarörðugleikar en þeir eru nú að baki. Starfsfólk hefur tekið þessu með einstaklega opnum huga. Uppsetning GÁMES-kerfisins færir Samskipum ákveðinn gæðastimpil og treystir jákvæða ímynd félagsins enn frekar,“ segir Svala Rún.

Samskip í fastan gæðafarveg

Um þessar mundir er unnið að því að færa allt gæðakerfi Samskipa inn í einstakar deildir fyrirtækisins. Í hverri deild verður síðan sérstakur tengiliður. Gæðastjóri fyrirtækisins, Svala Rún Sigurðardóttir, segir meginkerfið með þessum breytingum að einfalda allt ákvarðana- og framkvæmdaferli innan fyrirtækisins.

„Fyrirtæki í harðri samkeppni á borð við Samskip þurfa nauðsynlega að geta brugðist hratt við breyttum

aðstæðum. Ákvarðanir þarf að vera hægt að taka á stuttum tíma. Úrvinnsla hugmynda þarf á sama hátt að gerast hratt og ákveðið,“ segir hún.

Svala Rún segir þjónustu viðkvæma og um leið óáþreifanlegt hugtak. Hlutverk hennar sem gæðastjóra sé að reyna að draga einstaka þætti hennar fram á táknrænan hátt til þess að auðvelda starfsfólki þjónustuna við viðskiptavininn. En til hvers gæðastjórnun?

„Markmiðið með gæðastjórnun er fyrst og fremst að bæta þjónustu við viðskiptavininn; mæta væntingum hans og kröfum. Þjónustan mótast af ákveðnu ferli sem fer úr einni deild fyrirtækisins í aðra. Hugsanlega leynast þar einhverjir flöskuhálsar sem hindra nauðsynlega skilvirkni. Gæðastjórnuninni er ætlað að greina þessa flöskuhálsa og tryggja að hvergi sé veikan hlekkur að finna.“



Vetrarhöll Péturs Mikla í St. Pétursborg.

Sigurjón Markússon til St. Pétursborgar:

Spennandi áskorun

Sigurjón Markússon hóf störf hjá Samskipum þann 1. febrúar sl. sem svæðisstjóri í Austur-Evrópu. Aðsetur hans verður í St. Pétursborg. Sigurjón hefur yfirumsjón með uppbyggingu og þróun skrifstofa Samskipa/BBG í St. Pétursborg, Murmansk, Moskvu og Riga.

Sigurjón vann hjá skipadeild Sambandsins á árunum 1980 - 1987. Hann venti sínu kvæði í kross, hélt utan til náms og útskrifaðist m.a. með „Diploma in Shipping“ og mastergráðu í hagfræði. Sigurjón var deildarstjóri Siglu frá 1993-1995. Frá árinu 1995 hefur hann starfað hjá Íslenskum sjávarafurðum með aðsetur í Kamchatka. Fréttir af flutningum ræddu stuttlega við Sigurjón.

„Þegar ég kem út verður fyrsta verkefni mitt að hefja vinnu við að samræma allt tölvu- og upplýsingakerfi Bischoff Group og Samskipa. Ennfremur að samræma alla innbyrð-

is starfsemi skrifstofanna,“ segir Sigurjón. Næsta skref segir hann verða uppbyggingu flutninga á ám og vötnum innan Rússlands og gömlu Sovétríkjanna, svo og vörudreifingu með flutningabifreiðum, svokallað „Door to Door“ kerfi.

Þrátt fyrir erfitt efnahagsástand í Rússlandi og mikinn samdrátt í flutningum til og frá landinu hefur Bruno Bischoff Group tekist að laga þjónustu sína að breyttum aðstæðum. Kreppan í Rússlandi hefur leitt til þess að önnur skipafélög, sem sigldu þangað reglubundið, hafa ýmist hætt þjónustu sinni eða dregið verulega úr henni. Skip frá Bruno Bischoff hafa haldið úti reglubundinni þjónustu við Eystrasaltsríkin í yfir 40 ár.


„Þetta er ekki aðeins mikil breyting á mínum högum heldur einnig spennandi áskorun. Mér er ljóst að verkefnið eru ærin en ég hlakka til að takast á við þau,“ segir Sigurjón.

www.samskip.is

Vefsíðan nú einnig á ensku

Samskip opnuðu enska útgáfu af vefsíðu sinni í desember sl. Að sögn Lilju Bjarnadóttur, markaðsstjóra, er markmiðið með ensku útgáfunni fyrst og fremst að þjóna betur erlendum viðskiptavinum og birgjum svo og inn- og útflytjendum og auðvelda þeim að afla sér upplýsinga um fyrirtækið og starfsemi þess.

Á enskri útgáfu síðunnar, sem finna má á slóðinni www.samskip.is, getur viðkomandi flett upp öllum umboðsskrifstofum Samskipa á erlendra grundu og þannig komist í beint sam-



band við þann sölumann sem næstur honum er. Þá er að finna á síðunni samþæfilegar grundvallarupplýsingar og á íslenska vefnum, svo sem fréttir af fyrirtækinu, siglingaáætlun o.fl.

„Notkun vefsíðna eykst hröðum skrefum og Netið verður æ áhrifaríkari miðill í allri miðlun upplýsinga. Samskip hafa frá upphafi gert sér grein fyrir mikilvægi þessa miðils. Opnun ensku útgáfunnar var því rökrétt framhald þeirrar þróunar sem hófst með íslensku vefsíðunni,“ segir Lilja.



Samskip hafa undirbúið sig vel vegna 2000-vandans. Um mitt ár verður búið að yfirfara allan tölvubúnað fyrirtækisins, jafnt á landi sem og um borð í skipum.

Samskip og 2000-vandinn:

Allt á hreinu um aldamót

Samskip ætla sér að vera með allt á hreinu hvað varðar tölvukerfi og annan tölvustýrðan búnað fyrirtækisins þegar árið 2000 gengur í garð. 2000-vandinn, sem svo er kallaður, hefur verið fyrirferðarmikill í fréttum undanfarna mánuði enda hætt við að starfsemi fyrirtækja og stofnana lamist verði ekki gripið til rétttra aðgerða.

Ragnar Þór Ragnarsson, deildarstjóri tölvudeildar Samskipa, segir stefnt að því að fyrir júnílok verði búið að yfirfara og endurnýja allan þann búnað, sem hugsanlega kann að verða óvirkur við ártalsbreytinguna. Ragnar segir það útbreiddan misskilning að 2000-vandinn sé eingöngu bundinn við tölvur og tölvukerfi. Hætta sé á að allur búnaður, sem stýrt er af einhvers konar örgjörva, verði óstarfhæfur. Það geti allt eins hent í skipi úti á rúmsjó rétt eins og í tölvu inni á skrifstofu.

Starfandi hefur verið nefnd innan fyrirtækisins, sem hefur haft það hlut-

verk að fylgja þessu verkefni eftir. Undanfarin þrjú ár hefur eldri búnaði markvisst verið skipt út, m.a. öllum aðalupplýsingakerfum fyrirtækisins. Samskip keyra nú Concorde kerfi á Oracle gagnagrunni en eldri kerfi

voru frá ýmsum aðilum. Markmiðið með þessum aðgerðum er að allur búnaður Samskipa sé í lagi og að ekkert í honum komi starfsmönnum í opna skjöldu þegar árið 2000 gengur í garð.

Tölvukerfi Bischoff í Bremen endurskipulagt

Fyrsta áfanga uppsetningar samhæfðs tölvukerfis í fyrirtækjum Bischoff samsteypunnar er nú að mestu lokið að sögn Frank Sattler, fulltrúa forstjóra, á skrifstofu fyrirtækisins í Bremen. Um er að ræða Concorde tölvukerfi sem hefur verið aðlagð þýskum kröfum og aðstæðum. Þar með er komin á beintenging við tölvukerfi Samskipa hér heima.

Samhliða nýju tölvukerfi hefur skrifstofuhaldið allt gengið í endurnýjun lífdaga; vinnuáferðum hefur verið

breytt, svo og innheimtu- og bókhaldsvinnu. Nú hefur Michael Steuermann tekið við fjármálastjórn og yfirstjórn tölvumála hjá Bischoff Group í Bremen. Hann var áður starfandi hjá MacGregor-Conver GmbH.

„Það leikur ekki vafi á að þetta nýja tölvukerfi er ekki aðeins stórt framfaraskref fyrir okkur á skrifstofunni heldur leiðir það til enn betri þjónustu en áður við viðskiptavinina. Það er auðvitað mikilvægast,“ segir Frank Sattler.

Samskip Express í Rotterdam:

Bjartar horfur í kjölfar endurskipulagningar

Bjart er yfir starfsemi Samskip Express í Rotterdam í byrjun nýs árs. Í samræmi við síauknar kröfur á hinum harða flutningamarkaði í Evrópu hefur starfsemin verið endurskipulögð og þjónustan bætt enn frekar. Árangurinn virðist ekki ætla að láta á sér standa

„Horfurnar fyrir þetta ár eru bjartar,“ segir Peter Dubbeld, talsmaður hjá Samskip Express í Rotterdam, í samtali við *Fréttir af flutningum*. „Því er ekki að neita að síðasta ár var okkur nokkuð erfitt en í kjölfar endurskipulagningar á starfseminni hefur nýja


árið farið vel af stað og við erum full bjartsýni,“ bætir hann við.

Samskip Express var áður undir stjórn Bruno Bischoff í Bremen en er nú stýrt frá skrifstofum Samskipa í Rotterdam. Tvö skip þess þjóna á flutningaleiðum innan Evrópu. Þau hafa viðkomu í höfnum á Bretlandi, í Hollandi, Svíþjóð og Noregi.

„Við störfum á hörðum samkeppnismarkaði þar sem álagning er lítil. Lykillinn að velgengni Samskipa á komandi árum felst í því að gera þjónustuna fagmannlegri og leggja meiri áherslu á arðbærari þætti starf-

seminnar, t.d. vörugæmslu og -dreifingu svo og flutning á lausavöru og frystigámum. Um þessar mundir standa viðræður innan Samskip - Bischoff samsteypunnar um enn frekari útpenslu starfseminnar. Þar er m.a. rætt um að samþætta betur en gert hefur verið þjónustu skipa okkar á meginlandinu og á Norðurlöndum.“

Peter segist vænta niðurstöðu í lok febrúarmánaðar. Niðurstöðu sem muni ekki aðeins auka siglingatiðni og fjölda viðkomuhafna heldur einnig efla þjónustunet Samskipa á hinum evrópska flutningamarkaði.



Siglingaleiðir Samskip Express.

Stuðningur við fimleikafólk

Fimleikasamband Íslands, FSÍ, afhenti Samskipum fyrir skömmu viðurkenningarskjöld, sem útbúinn var í tilefni 30 ára afmælis sambandsins á síðasta ári. Samskip hafa undanfarin þrjú ár verið einn aðalstyrktaradili þess.

Stuðningur Samskipa við FSÍ er í samræmi við þá stefnu fyrirtækisins að hvetja ungt fólk til góðra verka.

Óviða innan íþróttahreyfingarinnar er ungt fólk jafn hátt hlutfall iðkenda og innan fimleikaíþróttarinnar.

Árni Þór Árnason er formaður FSÍ. Hann segir að stuðningur Samskipa sé sambandinu afar dýrmætur. Þar er rekið þróttmikið unglíngastarf og sambandið nýtur þeirrar sérstöðu að um 80% iðkendanna eru konur en

aðeins um 20% karlar. Í flestum íþróttagreinum er þessu hlutföllum öfugt farið.

„Kraftur, hraði, tækni og nákvæmni eru hugtök sem oft er vísað til í umfjöllun um fimleika. Þetta geta allt eins verið einkunnarorð Samskipa,“ segir Árni í samtali við *Fréttir af flutningum*.

Sjóaður Jóti með græna fingur

Óhætt er að segja að svipmótið á starfsemi Samskipa í Árósum væri öðruvísi ef Willy Sørensen rekstrarstjóra nyti ekki við. Haldgóð þekking hans á flutningastarfsemi í Danmörku hefur oftast en ekki komið Samskipum til góða. Fyrstu tengsl Willys við Samskip má rekja allt aftur til ársins 1982. Bergmann, Smith & Co, þar sem hann starfaði, var þá falið Danmerkurumboð fyrir Samskip. Willy var ráðinn deildarstjóri og fékk það verkefni að auka umsvifin á þessum nýja markaði. Þar segja staðreyndir allt sem segja þarf. Willy verður ekki sakaður um að sinna ekki heimavinnunni.



Okkur hefur gengið vel hér í Árósum og stöðug aukning hefur verið í umfanginu,“ segir Willy í stutta spjalli við *Fréttir af flutningum*. „Við höfum verið að reyna að færa út kvíarnar, m.a. í Eystrasaltinu og í Rússlandi,“ bætir hann við. Willy gegndi lykilhlutverki við stofnun Samskip Danmark á árunum 1992 - 1993, sem síðar varð Samskip A/S. „Þar kom reynsla mín að góðum notum og mitt hlutverk var að sjá til þess að hlutirnir gengju snurðulaust fyrir sig,“ segir Willy.

Líf Willy Sørensen hefur meira og minna snúist um skipafélög allt frá því hann sagði skilið við heimabæinn á unglíngsárunum. „Sextán ára gamall hélt ég til Óðinsvéa, þar sem ég fór í læri hjá þekktu skipafélagi, Friis & Frederiksen. Samhliða veru minni þar lagði ég stund á viðskiptanám og lauk prófi í þýsku, bókhalði, viðskiptum og sjórétti ásamt fleiru,“ segir Willy.

Eftir stutta veru í danska hernum lá leiðin til Árósa,

þar sem hann var ráðinn til vinnu hjá Bergmann, Smith & Co í árslok 1967. Þar hafði hann á sinni könnu umsjón með alþjóðlegum flutningaskipum. Þau skip sigldu m.a. til Indlands, Ástralíu, landanna fyrir botni Miðjarðarhafs og Kyrrahafsstrandar Norður-Ameríku.

Willy er 53 ára Dani, fæddur í Ribe á Jótlandi. Hann hefur verið kvæntur konu sinnu, Kirsten, í þrjú áratugi og saman eiga þau þrjú börn á aldrinum 20 - 25 ára; Jes, Niels og Anne. Þótt börnin séu hlaupin að heiman að mestu situr Willy ekki auðum höndum í fríttundum. Hann er nefnilega forfallinn garðyrkjumaður!

„Þar er nú reyndar svo að ég hef dálítið fallið í þá gryfju að líta á vinnuna sem áhugamál mitt um leið. En ég er mikill áhugamaður um hvers kyns garðrækt. Reyni meira að segja að rækta mínar eigin matjurtir. Það vill því verða lítill tími aflögu fyrir annað en fjölskyldu og vini,“ segir Willy í lokin.



Stór vélskófla hífð um borð í flutningaskip á athafnasvæði Bischoff Terminal í Bremen.

Bischoff Terminal eykur þjónustu á öllum sviðum

Bischoff Terminal, nýtt þjónustufyrirtæki sem stofnað hefur verið innan Bischoff samsteypunnar, hefur að undanförunu verið að víkka út þjónustusvið sitt að sögn Frank Sattler, fulltrúa forstjóra, á skrifstofu fyrirtækisins í Bremen.

Stefnt er að því á næstu mánuðum að gefa viðskiptavinum kost á að komast í beint tölvusamband við Bischoff Terminal. Með því móti geta þeir gert margt í senn; kannað birgðastöðu sína á staðnum og lagt inn farmpantanir svo dæmi séu tekin.

Ingvar Sigurðsson hefur nú verið ráðinn deildarstjóri Norðurlanda-deildar Bischoff Group í Bremen. Ingvar hefur um langt árabíl unnið hjá Samskipum og gegndi síðast stöðu deildarstjóra hjá Siglu á árunum 1995 - 1998.

Bischoff Terminal hefur aðstöðu á besta stað í höfninni í Bremen. Örstutt er í næstu lestarstöð og ekki nema fjögurra mínútna akstur að hraðbraut. Starfsemin felst fyrst og fremst í hleðslu og losun skipa, en einnig ræður fyrirtækið yfir mjög tæknivæddum vörugeymslum á hafnarbakkanum. Um 350 þúsund

lestir af vörum fara árlega um athafnasvæði fyrirtækisins.

„Við vinnum stöðugt að því að bæta þjónustu okkar á öllum sviðum. Þannig höfum við endurskipulagt alla þjónustu í tengslum við áætlunarsiglingar Bremer Saturn. Við höfum lagt að áætlunina að þörfum viðskiptavinnanna, gert breytingar um borð til þess

að mæta kröfum þeirra og þannig mætti áfram telja,“ segir Sattler.

Kortið á síðunni sýnir siglingarleið Bremer Saturn. Auk þeirra viðkomuhafna sem þar má sjá eiga skip á vegum Bischoff Terminal viðkomu í Bremen, Moss, Arvik og Odda í Norvegi auk Gunnes og Killingholme í Bretlandi.

